



NEFNDARÁLIT UM RÁÐHERRANEFNDARTILLÖGU



norden

Norðurlandaráð

B 310/kultur

Afgreiðsla:
Norræna þekkingar- og
menningarnefndin

Málsnúmer: 16-00221-4

Nefndarálit norrænu þekkingar- og
menningarnefndarinnar um

ráðherranefndartillögu um Norræna meistaranámsáætlun

Tillaga

Norræna þekkingar- og menningarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

að framlengja rammaáætlunina um norrænt meistaranám til
tímabilsins 2017–2021.

Forsaga

Norðurlandaráði hefur borist ráðherranefndartillaga þess efnis að Norræna
meistaranámsáætlunin verði gerð að föstum fjárlið á starfstímabilinu
2017–2021.

Áætlunin á meðal annars að þróa og greiða fyrir samstarfi háskóla á
Norðurlöndum með því að skipuleggja sameiginlegar námsleiðir á
meistarastigi og hefur hún verið starfrækt sem verkefni síðan 2007.

Tvær úttektir hafa verið gerðar á norrænu meistaranámsáætluninni:
Evaluering af Nordic Master Programme. Oxford Research, 2010, og
Nordic Master – frá pilotprojekt till ett nordiskt varumärke, 2012.
Langvarandi skortur á fjármögnun hefur staðið norrænu
meistaranámsáætluninni fyrir þrifum, en fjármagn hefur hingað til verið
sótt á hina ýmsu staði fyrir hvert umsóknartímabil. Fyrir vikið hefur gengið
treglega að skapa fullnægjandi innviði fyrir áætlunina, svo og kerfi til að
sinna stuðningi og eftirfylgni.

Ýmsar stjórnsýslu- og lagalegar hindranir hafa verið greindar og leyst úr
þeim meðan á tilrauninni hefur staðið. Stærsta úrlausnarefnið sem eftir
stendur er það að mismunandi reglur gilda í löndunum um skólagjöld fyrir
nemendur sem koma frá löndum utan Evrópu.

Fjármögnun áætlunarinnar

Ráðherranefndin um menntamál og rannsóknir (MR-U) hefur tekið ákvörðun um tímabil áætlunarinnar 2017–2021. Ráðherranefndin mun fjármagna að minnsta kosti þrjár námsleiðir á ári hverju, sem þurfa ekki að hafa neitt tiltekið áherslusvið. Einnig hljóta ein eða fleiri námsleiðir með ákveðin áherslusvið fjármögnun árlega, en hún getur komið frá öðrum aðilum en menntamálaráðherrunum. Fjárveiting menntamálaráðherranna nemur a.m.k. 5,4 m.da.kr. árlega.

Norræna fjárveitingin verður notuð til að fjármagna skipulagningu og þróun áætlunarinnar, auk skiptiáætlana fyrir nemendur og kennara. Öll kennsla verður kostuð með fjármagni til æðri menntunar í hverju landi. Fjármögnun hefur verið hægt að nýta yfir fimm ára tímabil, en á þeim tíma hefur verið unnið að skipulagningu og þróun áætlunarinnar og meistaranámsleiðar með að minnsta kosti þremur inntökutímabilum í allt. Til stendur að stytta undirbúningstímann og stytta þar með heildartímabil verkefnisins í fjögur ár.

Sjónarmið nefndarinnar

Að mati norrænu þekkingar- og menningarnefndarinnar er Norræna meistaranámsáætlunin í samræmi við óskir nefndarinnar um að hvetja til hreyfanleika og samstarfs milli háskóla og háskólanema á Norðurlöndum. Nefndin fagnar því að tryggð verði fjárveiting til áætlunarinnar, eftir að hún hefur verið metin tvisvar sinnum á starfstímabilinu 2007–2016. Nefndin er sammála Norrænu ráðherranefndinni um að aukið starfsöryggi geti leitt til þess að gæði áætlunarinnar aukist enn frekar.

Stokkhólmi, 27. september 2016

Cassandra Sundin (SD)
Eva Sonidsson (S)
Iddimangiu Bianco (IA)
Johan Andersson (S)
Johanna Karimäki (gröna)
Lars-Arne Staxäng (M), formaður
Lars Mejern Larsson (S)
Maarit Feldt-Ranta (sd)

Marianne Kierkemann (m)
Paavo Arhinmäki (vänst)
Peter Johnsson (S)
Roland Utbult (KD)
Ruth Vang (Framsókn)
Tony Wikström (ÅSD)
Ville Tavio (saf)

Norðurlandaráð

B 310/kultur

Afgreiðsla:
Norræna þekkingar- og
menningarnefndin

Málsnúmer: 16-00221-4